

## Tillaga til þingsályktunar

um úttekt á framkvæmd stjórn-sýslulaga.

Frá allsherjarnefnd.

Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra að skipa nefnd til að gera úttekt á því hvernig til hefur tekist með framkvæmd stjórn-sýslulaga, nr. 37/1993, með síðari breytingum, frá því að þau tóku gildi 1. janúar 1994. Um leið verði metið hvort auka þurfi fræðslu innan stjórn-sýslunnar og eftir atvikum gerðar tillögur þar að lútandi. Úttektin verði lögð fyrir Alþingi eigi síðar en 1. desember 2004.

### Greinargerð.

Hinn 1. janúar 1994 tóku stjórn-sýslulög, nr. 37/1993, gildi. Með þeim voru áður óskráðar grundvallarreglur stjórn-sýsluréttarins lögfestar og jafnframt settar málsmeðferðarreglur innan stjórn-sýslunnar. Gerðar hafa verið margvíslegar breytingar á lögnum, en helsta markmið þeirra hefur ávallt verið það að réttaröryggi manna í samskiptum þeirra við stjórn-völd sé tryggt.

Í skýrslu umboðsmanns Alþingis fyrir árið 2002 hvetur umboðsmaður til þess, þegar tíu ár verða liðin frá setningu laganna, að hugað verði að því hvernig til hefur tekist með framkvæmd þeirra. Ástæða er til að fylgja hvatningu umboðsmanns eftir með athöfnun og er lagt til að forsætisráðuneytið hafi umsjón með úttekt um þetta efni.

Í skýrslum umboðsmanns hafa komið fram ábendingar um að sums staðar í stjórn-sýslunni gangi enn of hægt að færa stjórn-sýsluframkvæmd til samræmis við ákvæði laganna, en þess má geta að reglur laganna fjalla um þær lágmarkskröfur sem stjórn-sýslunni ber að uppfylla. Ábendingar hafa einnig komið fram um að einfaldar aðgerðir, t.d. endurskoðun vinnuferla og aukin fræðsla starfsfólks, geti stuðlað að vandaðri og skilvirkari stjórn-sýsluháttum. Auk þess að treysta réttaröryggi borgaranna mundi skilvirkari stjórn-sýsla spara ríki og borgurum tíma og fjármuni.

Áður en stjórn-sýslulögin tóku gildi var hugað sérstaklega vel að kynningu á efnisreglum laganna með útgáfu kynningarefnis og námskeiðahaldi. Í ljósi þess hve langur tími er liðinn frá því átaki sem gert var til undirbúnings gildistöku, og þar sem traust þekking innan stjórn-sýslunnar hlýtur að teljast forsenda fyrir farsælli framkvæmd laganna, er lagt til að jafnframt verði hugað að því hvort þörf sé á aukinni fræðslu innan stjórn-sýslunnar. Umboðsmaður Alþingis hefur reifað hugmyndir um lágmarksfræðslu fyrir nýtt starfsfólk og jafnframt bent á mikilvægi skipulegrar endurmenntunar. Æskilegt er að almenn þörf fyrir slíka fræðslu verði metin, með skilvirkni og vandaða stjórn-sýslu að leiðarljósi.

Lagt er til að úttektinni verði lokið 1. desember á þessu ári.